

Verktækni

Stéttarfélag verkfræðinga Tæknifræðingafélag Íslands Verkfræðingafélag Íslands

8. tbl. 14. árg. 2008

4

Orlofssjóður SV

6

Frá formanni VFÍ

7

Hvað er til ráða?

8

Mikilvægi áliðnaðar

12

Námsframboð í HR

13

Samlokufundur



Mynd: Morgunblaðið

Orkustjórnunarkerfið Maren 2 verður í nýju varðskipi Gæslunnar.

Marorka hlaut umhverfisverðlaun Norðurlanda

Fyrirtækið Marorka hlaut nýverið umhverfisverðlaun Norðurlanda. Verðlaunin voru afhent 28. október á fundi Norðurlandaráðs í Helsinki. Dr. Jón Ágúst Þorsteinsson, verkfræðingur, upphafsmaður og framkvæmdastjóri fyrirtækisins tók á móti verðlaununum. Marorka hefur þróað orkustjórnunarkerfi fyrir skip sem byggir á notkun stærðfræði við hermun, bestun, frávikagreiningu og stjórnun.


Orkustjórnunarkerfið samanstendur af tveimur grunnþáttum: gagnasöfnunarkerfi sem mælir öll gildi og reiknilíkani sem reiknar út mestu hagkvæmni hverju sinni. Með skýrslugerð kerfisins fær útgerðin ítarleg gögn um keyrslu skipsins og nýtingu. Sem dæmi má nefna að kerfi í nótaveiðiskipi vinnur út frá 5000-8000 breytum. Með kerfinu er til dæmis hægt að sjá hver olíukostnaðurinn er á hvert kíló af veiddum þorski.

Með kerfinu er hægt að ná verulegum

olíusparnaði, allt frá 4-12%. Það leiðir ekki einungis til verulegs ávinnings fjárhagslega heldur stuðlar einnig að minni mengun. Marorka var stofnað sumarið 2002 en á sér nokkuð lengri sögu. Fyrirtækið hefur vaxið hratt undanfarið og er leiðandi á sviði orkusparandi tækni sem í dag er notuð um borð í því sem næst öllum gerðum skipa.

Í 10. tbl. Verktækni árið 2004 var fjallað um Marorku sem dæmigert sprotafyrirtæki þar sem góð hygmynd verður grunnur að fram-sæknu fyrirtæki. Eldri tölublöð Verktækni er hægt að nálgast á pfd-formi á heimasíðum SV, TFÍ og VFÍ. Vefur Marorku: www.marorka.is.





RAFPÓLERING EHF

Yfirborðsmeðhöndlun á ryðfríu stáli

Besti loka-frágangur fyrir allt ryðfrítt stál,
nýtt sem gamalt




Sléttara yfirborð
Aukin tæringarvörn
Mýkir brúnir
Auðveldar þrif
Dregur fram efnisgalla
Dregur úr yfirborðsspennu
Tryggir varanlegt útlit
Minnkar viðhald

Víða er leitað lausna með
rafpóleringu:


- Matvælaiðnaði
- Orkuverum og veitum
- Sjávarútvegi
- Lyfjaiðnaði
- Byggingariðnaði
- "Hobby" iðnaði

Rafpólering styður við íslenska framleiðslu

YFIRBORÐSBREYTING



50 Ra



10-25 Ra



Við bjóðum upp á:

Rafpóleringu á ryðfríu stáli

Heilsýrumeðferð (sýrun og festing)

Niðurtökur og uppsetningu á hlutum til rafpólunar

Sækja og senda stykki

Ráðgjöf um rafpóleringu fyrir nýsmíði og viðhald

Ryðfrítt og rafpólarað

DAGBÓKIN

Samlokufundir

Samlokufundir VFÍ og TFÍ eru að jafnaði haldnir fyrsta fimmtudag hvers mánaðar kl. 12:00 í Verkfræðingahúsi, Engjateigi 9. Félagsmenn fá samlokur og drykki án endurgjalds en utanfélagsmenn geta keypt veitingarnar á sanngjörnu verði. Samlokufundirnir eru auglýstir á heimasíðum félaganna og með fjöl- pósti til félagsmanna. Þess má geta að Samlokufundur desembermánaðar verður sem fyrr helgaður jólabókaútgáfunni og munu rithöfundar mæta og lesa úr verk- um sínum.

Árshátíð VFÍ

Árshátíð Verkfræðingafélags Íslands verður haldin laugardaginn 7. febrúar 2009.

Ný netföng

Vegna samrekstrar á skrifstofu TFÍ, SV og VFÍ voru tekin upp sameiginleg netföng sem enda á @verktaekni.is. Netfang skrif- stofunnar er skrifstofa@verktaekni.is. Netföng félaganna eru nú: vfi@verktaekni. is. sv@verktaekni.is og tfi@verktaekni.is. Eldri netföng verða enn um sinn í gildi.

Efni á heimasíðurnar

Peir sem óska eftir að fá birtar tilkynningar, fréttir og annað efni á vefjum VFÍ, SV og TFÍ geta sent tölvupóst til ritstjóra Verktækni (sigrun@verktaekni.is). Athugið að hægt er að nálgast pdf-útgáfu af Verktækni á heimasíðunum.

Skilafrestur

Ráðgert er að næsta tölublað Verktækni komi út í byrjun desembermánaðar og síðasta tölublað ársins milli jóla og nýárs. Peir sem vilja koma efni í Verktækni og/eða skilaboðum til ritstjóra eru beðnir um að senda tölvupóst á sigrun@verktaekni.is

Laust í orlofshúsum?

Vakin skal athygli á því að reynt er að koma upplýsingum á heimasíðu SV á fimmtudegi ef laust er í orlofshúsum þá helgi sem framundan er. Einnig geta félagsmenn fengið upplýsingar með því að senda póst á inga@verktaekni.is. Félögum í KTFÍ sem eru í Orlofsjóði BHM er bent á að hægt skoða möguleika og bóka hús á bókunarvef sjóðsins. Einfaldast er að velja „Lausir dagar“.

LEIÐARINN

Hvert nú?

Bankar og önnur fjármálafyrirtæki hafa á undanförunum árum sóst mjög eftir starfskröftum verkfræðinga. Uppsveiflan í fjármálakerfinu skapaði ný tækifæri og menntun verkfræðinga nýttist á nýjum sviðum. Þetta var jákvætt.

Bankarnir sóttu stíft inn í háskólana eftir nýútskrifuðum verkfræðingum og önnur fyrirtæki áttu í harðri samkeppni um þessa starfskrafta. En bankarnir buðu mun betri launakjör en áður höfðu sést. Sögur gengu um að nýútskrifuðum með BS-próf í verkfræði væru boðnar 600 þúsund krónur í byrjunarlaun. Slíkar sögur höfðu áhrif og margir verkfræð- nemar sáu í hillinum mjög vel launaða vinnu í banka að loknu námi. Nú er sá draumur fyrir bí. Vissulega er gott að fólk hafi góð laun en fullyrða má að bank- arnir hafi ruglað launastrúktúrinn í land- inu. Það er ábyrgðarhluti.

Kynslóðin sem er tiltölulega nýkomin út á vinnumarkaðinn, segjum á síðast- liðnum tíu árum, hefur aldrei upplifað þröngan kost á vinnumarkaði. Aðrir, sem jafnvel eru ekki mikið eldri, muna eftir erfiðum tímum þar sem mörg fyr- irtæki áttu í verulegum erfiðleikum, margir misstu vinnuna og þeir sem eftir voru sættust á skert starfshlutfall eða yfirvinnubann. Að hafa aldrei upplifað annað en gósentíð og gera framtíðarplön samkvæmt því fól í sér ákveðna hættu sem nú blasir við mörgum.

Allir hljóta að bera þá von í brjósti að hægt verði að skapa aðstæður hér á landi þar sem atvinna er næg. Það verður erfiður missir fyrir þjóðina ef fólk þarf að flýja land vegna þess að hér getur það ekki notað hæfileika sína og þekkingu.

Nú þarf að bretta upp ermar, fram- kvæma og virkja þann mannauð sem er í landinu. – Dýrmætustu verðmætin. Þar má ekki eitt útiloka annað eins og oft skín í gegn í málflutningi þeirra sem tala um nýsköpun og sprötafyrirtæki. Þjóðin þarf að nýta allar sínar auðlindir og krafta. – Á arðbæran og umhverf- isvænan hátt án fordóma og einstreng- ingsháttar.

Sigrún S. Hafstein, ritstjóri.

Fjölþóstur

Á síðastliðnum misserum hefur mjög færst í vöxt að félög verkfræðinga og tæknifræð- inga séu beðin um að senda fjölþóst á netföng félagsmanna sinna til að auglýsa ýmsa fundi, ráðstefnur og aðrar uppkomur. Síðastliðið vor var svo komið að nauðsynlegt var talið að setja strangari mörk við útsendingar af þessu tagi. Þess ber að geta að þær tilkynningar sem ekki eru sendar út með fjölþósti má yfirleitt finna á heimasíðum félaganna undir liðnum „fréttir“.

Mannvit, Efla og Verkís

Á rúmu einu og hálfu ári hefur orðið mikil samþjöppun hjá íslenskum verkfræði- stofum og í dag eru þrjú ráðgjafarfyrirtæki lang stærst. – Mannvit, Efla og Verkís.

Í upphafi árs 2007 var tilkynnt um sameiningu VGK og Hönnunar. Í apríl 2008 bættist Rafhönnun í hópinn og jafnframt var kynnt nýtt nafn fyrirtækisins, Mannvit. Í ársbyrjun 2008 var tilkynnt um sameiningu VST og Raftækningar. Í þann hóp bættust nýver- ið Fjarhitun hf., RT ehf. og Fjölhönnun ehf. Fyrirtækið mun starfa undir nýju nafni, Verkís, frá og með 24. nóvember. Í byrjun maímánaðar 2008 var tilkynnt um sameiningu Línuhönnunar, Verkfræðistofu Suðurlands, RTS verkfræðistofu og Verkfræðistofunnar Afls. Nýju fyrirtæki, Eflu, var formlega hleypt af stokkunum 10. október.

VERKTÆKNI

Engjateigi 9 · 105 Reykjavík
Sími: 535 9300 · Símbref: 535 9311
Tölvupóstur: sigrun@vfi.is · sigrun@tfi.is

Blaðið VERKTÆKNI er gefið út af Verkfræðingafélagi Íslands, Stéttarfélagi verkfræðinga og Tæknifræðingafélagi Íslands og er dreift ókeypis til félagsmanna.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Sigrún S. Hafstein.

Blaðnefnd: Árni Þór Árnason (TFÍ) og Ólafur Pétur Pálsson (VFÍ), María S. Guðjónsdóttir (SV), auk ritstjóra.

Leyfilegt er að birta efni úr Verktækni ef heimildir er getið. Skoðanir sem settar eru fram í blaðinu samrýmast ekki endilega viðhorfum útgefenda.

Prentvinnsla: Gutenberg · Mynd á forsiðu: Rafn Sigurbjörnsson · Aðstoð við útgáfu: Hænin · Sími: 55 88 100 · utgafa@utgafa.is



Stórarjóður 14, Húsafelli.

Orlofssjóður SV

Yfirlit yfir orlofskosti veturinn 2008-2009

Orlofshús

Hraunborgir:

Tvö hús í Álfasteinssundi 17 og 19

Bústaðirnir eru 80 fermetrar, sérlega glæsilegir og rúmgóðir. 9 rúmstæði og sængur fyrir 10.

Húsafell:

Eitt hús, Stórarjóður 14

Bústaðurinn er um 60 fermetrar, umvafinn trjágróðri og stendur á sérlega skemmtilegum stað. Húsið rúmar 6 manns og eru sængur fyrir sama fjölda.

Kirkjubæjarklaustur: Eitt hús, við Geirland

Bústaðurinn er um 50 fermetrar að grunnfleti og með svefnlofti. Kirkjubæjarklaustur er í 3 km fjarlægð og umhverfið rómað fyrir náttúrufegurð og veðursæld. Rúmstæði eru fyrir 5 manns og svefnloft með þremur dýnum. Sængur eru fyrir 6 manns.

Nánari upplýsingar um húsin eru í sumarorlofsbæklingi á

<http://www.sv.is/sjodir/orlofssjodur/hraunborgir/>

Hótelmiðar

Akureyri

Hótel KEA Akureyri og Hótel Harpa, Akureyri

Tveggja manna „standard“ herbergi, *morgunverður innifalinn*.

Flugleiðahótel

Hótel Loftleiðir Reykjavík og Flughótel Keflavík

Hótel Flúðir, Hótel Hamar Borgarnesi, Hótel Klaustur, Hótel Hérað Egilsstöðum
Tveggja manna „standard“ herbergi, án morgunverðar.

Úthlutunarreglur vegna hótelmiða:

Orlofssjóður hefur til úthlutunar 100 hótelmiða að hámarki í vetur.

Forsendur úthlutunar: Fyrir sjóðfélaga í OSV með lágmarksstigafjölda 10.

Niðurgreitt um kr. 4.000.- hver miði sem er 1/7 af fullri úthlutun.

Hámarksmiðafjöldi fyrir einstakling er 7 miðar = 1 úthlutun.

Úthlutunarregla: Fyrstur kemur, fyrstu fær.

Hægt er að fá miða **án úthlutunar** á kostnaðarverði.

Nánari upplýsingar um verð á hótelmiðum á sv.is/sjodir/orlofssjodur/vetur/

Breytt umhverfi

Nú þegar umhverfi fjármála, efnahags og atvinnu hefur gerbreyst á örfáum vikum reyna flestir að gera sér grein fyrir hver staðan er, þó enn sé margt óljóst. Allur sá fjöldi einstaklinga sem misst hefur vinnuna innan bankanna og einstaka annarra fyrirtækja hefur orðið fyrir áfalli. Það kemur í hlut atvinnurekenda og stéttarfélaganna að styðja einstaklingana eins og kostur er. Á heimasíðum félaganna er að finna upplýsingar og leiðbeiningar fyrir félagsmenn sem þurfa aðstoð, auk þess sem starfsmenn skrifstofunnar eru alltaf til taks.

Þegar við leituðum upplýsinga um stöðu verkfræðinga og tæknifræðinga innan bankanna kom í ljós að langflestir hafa fengið boð um störf hjá nýju bönkunum eða ráðið sig til starfa hjá öðrum fyrirtækjum – og er gott til þess að vita. Sá mikli skortur sem var á starfsmönnum með verkfræði- og tæknifræðimenntun gerir það að verkum að ráðingar eru allmargar í hverri viku. Jafnframt er ánægjulegt að heyra utanfrá að hin breiða menntun verkfræðinga gerir þá að mjög eftirsóknarverðum starfskröftum.

Á næstu mánuðum kemur í ljós til hvaða aðgerða stjórnvöld grípa og hvernig fyrirtækjunum reidir af og þar af leiðandi hver framvindan verður í atvinnumálum. Vonandi skapast nýir kostir og verkefni sem fyrst, þannig að hjól atvinnulífsins snúist af krafti aftur.

Þrúður G. Haraldsdóttir, sviðsstjóri kjaramála.

Sjóðsaðild er háð greiðslu iðgjalds

Sjóðir í vörslu stéttarfélaganna, þ.á.m. Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands og Stéttarfélag verkfræðinga, eru af margvíslegum toga. Það er útbreiddur misskilningur að með því að greiða félagsgjald til viðkomandi félags öðlist menn sjálfkrafa rétt í hinum ýmsu sjóðum. Svo er ekki heldur er sjóðsaðild í öllum tilvikum háð greiðslu iðgjalds til viðkomandi sjóðs. Þannig eru réttindi háð því hvernig ráðningar- eða kjarasamningar hafa verið gerðir.

Ítarlegar upplýsingar um sjóðina og starfsreglur þeirra eru á heimasíðum félaganna. Þar eru einnig rafræn umsóknareyðublöð.



Allt mögulegt

Efla er nýtt og öflugt verkfræði- og ráðgjafarfirmakerfi sem byggir á traustum grunni. Starfsfólk Eflu hefur fjölbreyttan bakgrunn, menntun og reynslu en það sem sameinar okkur öll er sá hugsunarháttur að ekkert sé ómögulegt. Við lítum á öll verkefni sem tækifæri til þess að hugsa nýjar lausnir og efla viðskiptavinum okkar. Með þessu hugarfari munum við ná langt saman.

Efla varð til við sameiningu verkfræðistofanna Afls, RTS, Línuhönnunar og dótturfélagsins Verkfræðistofu Suðurlands.



Breyttir tímar

Hluti af því að vera sjálfstæð þjóð er að hafa sjálfsmynd sem einstaklingarnir geta speglað sig í og samsamað sig með. Þar er mikilvæg sú menningararfleifð sem við höfum skapað frá því að landið byggðist, saga þess og tunga sem varðveist hefur í árhundruð. Eftir atburði liðinna vikna er nú skarð höggvið í sjálfsmynd þjóðarinnar.



Jóhanna Harpa Árnadóttir.

Það er erfitt að vera sjálfstæð þjóð en vera ekki sjálfbjarga. Hjá eyþjóð í norður Atlantshafi hafa auðlindir landsins verið forsenda aukinna lífsgæða – bæði náttúruauðlindir sem og mannauður. Þrátt fyrir að landið hafi fengið sjálfstæði árið 1944 var langur vegur frá því að þjóðin væri ekki öðrum háð. Þó markmiðið sé að vera sjálfum sér nægur þurfa allir að eiga sér athvarf, sækja styrk í samstarf þeirra sem lengra eru komnir og eru tilbúnir að gefa. Að vera í stakk búin að byggja upp kunnáttu- og þekkingarsamfélag sem aftur leggur grunn að verðmætasköpun og hagvexti hlýtur þó að vera hið raunverulega markmið sjálfbjargar.

Þegar þetta er skrifað eru íslensk stjórnvöld búin að vera í samningaviðræðum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn [IMF]. Fyrirsjáanlegt er að hann muni veita íslenska ríkinu lán og aðstoð. Ekki hefur verið greint frá því hvaða skilmála sjóðurinn setur svo af lánveitingunni geti orðið. Skilyrði þau sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur hingað til sett fyrir lánveitingum hafa veitt honum talsvert ákvörðunarvald í hagstjórnarmálum viðkomandi lands. Þetta er þó ekki í fyrsta skipti sem að íslenska ríkið fær fyrirgreiðslu hjá alþjóðastofnun.

Um miðjan sjöunda áratuginn var ráðist í byggingu Búrfellsvirkjunar. Samhliða var Landsvirkjun (LV) stofnuð og kom um þriðjungur fjármögnunarinnar frá Alþjóðabankanum. Leit bankinn á lánið sem framlag til þróunaraðstoðar á Íslandi og réði miklu um skipulag og starfshætti fyrirtækisins. Bankinn lagði áherslu á að LV byði út öll verk alþjóðlega. Í framhaldinu

var samið við ráðgjafarverkfræðifyrirtæki til verkefnastjórnunar og eftirlits með verktökum sem önnuðust virkjunarframkvæmdir.

Þetta var árið 1965 og verkfræðingar í landinu aðeins um 350 talsins. Af skilyrðum Alþjóðabankans að dæma lítur út fyrir að hann hafi ekki treyst á burði verk- og tæknimenntaðs fólks í landinu til að taka þátt í verkefni af þessari stærðargráðu. Á þeim rúmum fjórutíu árum sem liðin eru síðan þessi skilyrði voru sett hafa aðstæður

gjörbreyst. Fjöldi starfandi verkfræðinga í landinu í dag er um 2.700 og stór hluti þeirra hlotið framhaldsmenntun og/eða starfað erlendis. Störf verkfræðinga hafa lengst af lotið að því að byggja upp innviði samfélagsins og hafa þeir leitast við að nýta bestu mögulegu tækni, efni og kunnáttu sem í boði er hverju sinni. Mannvirki eins og vegir, brýr og virkjanir fá með því móti langan lífaldur og gagnast þar með mörgum kynslóðum. Rafvæðing landsins vegur þungt þegar litið er til samfélagslegrar og efnahagslegrar framþróunar síðustu aldar. Þau tækifæri sem landið býður upp á í nýtingu náttúruauðlinda til framleiðslu á umhverfisvænni orku eru einstök.

Með ríkisvæðingu bankanna hefur nú fjöldi fólks misst vinnu. Þeirra á meðal eru einstaklingar með verkfræðimenntun en ákveðnar vísbendingar gefa til kynna að þeir séu ekki margir. Vonandi liður ekki á löngu þar til þessir sömu einstaklingar verða búnir að fá vinnu á nýjum stað og/eða á nýjum vettvangi. Engu að síður verður ekki hjá því litið að risin er alda uppsagna. Sú alda skellur á verkfræðingum sem og öðrum. Að verða fyrir því að missa vinnuna er áfall. Áfall sem hver og einn einstaklingur þarf að takast á við á sinn hátt og ganga í gegnum ákveðið ferli. Það er auðveldara um að tala en í að komast en besta hjálpin í slíkum aðstæðum er að takast á við verkefni að nýju.

Ég er þess fullviss að fólk með verkfræðimenntun stendur vel að vígi til að skapa sér sín eigin tækifæri. Sú auðlind sem felst í menntun, þekkingu og hugviti verður aldrei frá manni tekin. Á stundum sem þessum er nauðsynlegt að virkja þá auðlind, virkja

möguleika lífsins og ekki síst að leita nýrra leiða. Margir hafa á einhverjum tímamarki unnið verkefni eða rannsóknir sem ekki var framhald á. Eða fengið hugmynd sem ekki hefur gefst tækifæri til að útfæra, fyrr en hugsanlega nú.

Í orðinu nýsköpun felst að verið er að skapa eða búa til eitthvað nýtt sem og að endurbæta það sem þegar er til staðar. Umhverfi frumkvöðlastarfsemi hérlandis hefur haft sína veikleika. Hlutfall háskólamenntaðra hefur verið sláandi lágt samanborið við lönd með sambærilegar meðaltekjur fólks og í fæstum tilfellum tilheyrir starfsemin þekkingariðnaðinum. Sú mikla þensla sem nú er að baki hefur verið á kostnað frumkvöðla- og nýsköpunarstarfsemi. Aðstæður til hagnýtingu rannsókna, og stofnunar sprotafyrirtækja, hafa ekki verið ákjósanlegar þar sem aðgangur að framtaksfjármagni hefur verið mjög takmarkaður. Þó hefur það fjármagn aukist á sl. árum en betur má ef duga skal. Nú þurfa stjórnvöld að einhenda sér í að styðja enn frekar við grunnrannsóknir og nýsköpun og skapa þeirri starfsemi víðhlítandi starfsumhverfi. Það yrði m.a. gert með vel skilgreindu átaki og aðgerðaáætlun. Jafnframt þarf að horfast í augu við þá staðreynd að fjármagni, sem er veitt til frumkvöðla og sprotafyrirtækja, er ætlað að vera þolinmótt. Verðmætasköpun þekkingarfyrirtækja er sá grundvöllur hagvaxtar sem nú þarf að horfa til. Nýsköpun dagsins í dag skapar starfsvettvang framtíðarinnar.

Þær aðgerðir sem Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NÍ), Samtök starfsmanna fjármála- fyrirtækja (SSF) og Samtök atvinnulífsins (SA) hafa nú ráðist í eru mjög jákvæðar. Þessir aðilar hafa gert með sér samstarfssamning um að efla atvinnusköpun fyrir félagsmenn SSF og er samningurinn gerður með stuðningi iðnaðarráðuneytisins og félagsmálaráðuneytisins. Eins og ég hef áður nefnt er þó fyrirsjáanlegt að það verður fólk úr fleiri stéttum sem mun missa vinnuna. Það er því mikilvægt að tryggja að þeir sem nú hverfa frá störfum, hver svo sem þau eru, hafi einhver úrræði til atvinnusköpunar. Þá þarf að veita hugmyndum nýsköpunar og frumkvöðlavinnu brautargengi og beina í farsælan farveg. Verkfræðingar eru vel í stakk búnir til að taka þátt í nýjum verkefnum á komandi árum. Verkfræðingafélag Íslands (VFÍ) fagnar því að NÍ, SSF og SA leiti nýrra leiða og er félagið tilbúið að koma að slíku starfi ef það má verða að liði.

VFÍ er vettvangur fólks sem á sér sam-eiginlegan faglegan bakgrunn en hefur valið sér ólíkar leiðir og dreifst víða í íslensku atvinnulífi. Nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að hafa félag verkfræðinga sem stendur vörð um starfsheitið verkfræðingur og eykur samstöðu félagsmanna.

Hvað er til ráða?

Við upplifum undarlega tíma á Íslandi haustið 2008. Svo virðist sem hrun blasi við í atvinnulífinu verði ekkert að gert. Hvernig snertir þetta verkfræðing og tæknifræðing? Hvað er hægt að gera til að minnka skaðann? Það er ljóst að verkfræðingar og tæknifræðingar munu eins og aðrir verða fyrir skaða í þeim hremmingum sem nú ganga yfir. Þó hafa þeir meiri aðlögunarhæfni á vinnumarkaði en margir aðrir hópar háskólamenntaðra manna.

VFÍ, TFÍ og SV hafa þegar farið af stað með aðgerðir þar sem mikilvægt er að verja störf og skapa aðstæður sem fela í sér sóknarfæri og ný störf fyrir félagsmennina.

Félög hér í húsinu á Engjateigi 9 hafa farið á fund stjórnvalda og óskað eftir samráði. Þeirri ósk hefur verið tekið vel og á næstunni verður unnið að því hörðum höndum að koma með tillögur. Allir þurfa að leggjast á eitt og hefjast handa strax. Mikilvægt er að taka ekki rangar ákvarðanir við þær aðstæður sem við stöndum skyndilega frammi fyrir. Uppbygging til framtíðar er gríð-



Árni B. Björnsson.

arlega mikilvæg en jafn nauðsynlegt er að bregðast skjótt við þeim vanda sem blasir við. Sá vandi verður ekki leystur með því að minnka stórlega framkvæmdir. Þvert á móti verður að setja af stað framkvæmdir sem

eru arðbærar en ekki er síður mikilvægt að þær krefjist mikils vinnuaflds.

Nú er mikið fjallað um frumkvöðlastarf og sprotafyrirtæki. Telja margir að þar sé að finna lausnina á vanda okkar. Það er rétt að frumkvöðlastarf er mikilvægt. Til skemmri tíma litíð leysir það eitt og sér hins vegar ekki vandann. Þar þarf mun fleira að koma til. En á þessum tímamótum þarf að efla og hlúa að frumkvöðlastarfi. Frumkvöðlar hafa kvartað yfir því að mjög hafi skort á að starfi þeirra sé sýnd sú þolinmæði sem þarf eðli málsins samkvæmt. Því þarf að leita í smíðju þeirra sem hafa reynsluna af frumkvöðlastarfi og læra af þeim mistökum sem gerð hafa verið.

Sveigjanleiki íslenska hagkerfisins er mikill og mun hjálpa okkur að leysa vandann hratt og vel. Vel menntuð íslensk þjóð mun sigrast á erfiðleikum og verkfræðingar og tæknifræðingar leika stórt hlutverk í því endurreisnarstarfi sem nú er hafið.

Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri TFÍ, SV og VFÍ.

VIROC fjölnota byggingaplatan

STÆRÐ PLÖTU: 1200 X 3000 MM
 5 ÞYKKTIR: 8, 10, 12, 16 og 19mm
 RÚMÞYNGD: 1300 kg/M³
 BRUNARÞOL: 10 mm í flokki 1.
 Viðurkennt af B.R - VIROC er prófað af R.B. að Keldum



UTANHÚSKLÆDNING



- málað eða hraunað

EININGAHÚS



- ytra og innra byrði

MILLIVEGGIR



- A60eldvörn

BITAKLÆDNING



- eldvörn fyrir stálbita

LAGNASTOKKUR



- eld- og hljóðvörn

GÓLFPLÖTUR



- hentar í blautrymi



P. ÞORGRÍMSSON & CO

Ármúla 29 - 108 Reykjavík 5538640 - www.thco.is



Próstur Guðmundsson PhD, véla- og efnisverkfræðingur

Áliðnaðurinn mikilvægur fyrir vel menntað fólk

Próstur Guðmundsson véla- og efnisverkfræðingur er einn þeirra Íslendinga sem þekkja áliðnaðinn hvað best. Undanfarið ár hefur hann verið framkvæmdastjóri áldeildar verkfræðifyrirtækisins HRV og komið að stóru álversframkvæmdunum hér á landi. Í viðtalinu segir hann frá fyrirtækinu og verkefnum þess hér heima og erlendis en það kemur eflaust mörgum á óvart hvað starfsemin er umfangsmikil.

Í umræðu um áliðnað gleymist oft sú mikla þekking sem hefur byggst upp á þessu sviði hér á landi og hve margt vel menntað fólk hefur lifibrauð af þessari starfsemi. Það kemur eflaust mörgum á óvart að nú stefnir í að útseldir tímar verkfræðifyrirtækisins HRV á þessu ári, sem aðallega eru unnir af verkfræðingum og tæknifræðingum, verði yfir 250 þúsund sem jafngildir því að vera um eða yfir 150 ársstörf.

Próstur hefur unnið innan áliðnaðarins í meira en 15 ár. Hann lauk CS-prófi í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands 1989, MSc-prófi í vélaverkfræði frá University of Colorado 1992 og doktorsprófi í efnisfræði áls frá University of Nottingham 1996. Próstur vann að rannsóknnum, þróun og framleiðsluráðgjöf fyrir steypuskála álvera hjá Alusuisse Technology Center í Chippis í Sviss frá 1996 - 1999. Hann starfaði við hönnun Kárahnjúkavirkjunar 2000-2003, kom að fyrstu skrefum Fjarðaálverkefnisins og var verkefnisstjóri við stækkun álvers Norðuráls á Grundartanga 2004-2007. Hann er framkvæmdastjóri áldeildar HRV en tekur fljótlega við nýju starfi sem yfirmaður þekkingarkjarna fyrirtækisins.

Norðurál markar upphaf

Hvert var upphafið að HRV?

„Þegar ljóst var að Norðurál á Grundartanga yrði að veruleika fyrir rúnum áratug kom Kenneth Peterson að máli við Sigurð Arnalds verkfræðing hjá Hönnun með það í huga að fá íslenska verkfræðinga að verkefninu. Kenneth hefur orðað þetta þannig að hann hafi verið eins og litla músin sem vildi ekki verða kramin af stóra filnum og átti þá við stóru alþjóðlegu verkfræði- og verktakafyrirtækin.



Sigurður er framsýnn maður og áttaði sig á því að þetta væri of stórt verkefni fyrir eina íslenska verkfræðistofu en jafnframt einstakt tækifæri. Hann setti sig í samband við Rafhönnun og VST og saman mynduðu þessi þrjú fyrirtæki ráðgjafarfyrirtækið H – R – V. Fyrirtækið var rekið sem nokkurs konar regnhlíf yfir þetta verkefni og allt þar til Fjarðaál kom til sögunnar. Þá þurfti að breyta rekstrarfyrirkomulaginu, fyrst í sf. og síðar í ehf. Í dag er HRV sjálfstæð rekstrareining og er í eigu þessara sömu aðila sem heita í dag Mannvit, sem á 64% og Verkís, sem á 36%.

HRV er samningsaðili gagnvart stóru álfyrirtækjunum en stærstur hluti vinnunnar, og þar með nær öll hönnun, er keypt frá stofunum tveimur. Starfsmenn á launaskrá HRV eru í dag um 40 talsins og starfa þeir flestir við innkaup eða sinna sérhæfðum verkefnum. Heildar starfsmannafjöldi HRV og móðurfyrirtækjanna nálgast 800 manns og því er ljóst að slagkraftur fyrirtækisins er umtalsverður.“

Hver hefur verið þinn vettvangur innan HRV?

„Ég hef verið í forsvari fyrir áldeild HRV en er reyndar að færa mig um set innan fyrirtækisins til að byggja upp það sem er kallað *Center of Excellence*. Hugmyndin er sú að til verði þekkingarkjarni sem er ætlað að miðla sérfræðiráðgjöf inn í verkefni og kalla til sérfræðinga innan fyrirtækisins og líka erlendis frá. Þetta getur falist í því að leita leiða til að leysa

ágreiningsmál og finna sérfræðilækkingu sem þarf að veita tímabundið inn í verkefni. Auk þess að byggja upp þekkingu innan fyrirtækisins sjáum við fyrir okkur að geta miðlað þekkingu til viðskiptavina okkar með þjálfun og námskeiðahaldi.“

HRV hefur komið að öllum stóru álframkvæmdunum hér á landi undanfarin ár. Þetta á bæði við um svokölluð „green field“ verkefni eins og í Helguvík þar sem er bókstaflega byrjað á auðri jörð og „brown field“ verkefni þar sem unnið er á verksmiðjulóð þar sem álverksmiðja er þegar í fullum gangi. Dæmi um hið síðarnefnda eru endurbætur á álverinu í Straumsvík fyrir Alcan á Íslandi og verksmiðju Kubal í Svíþjóð sem er í eigu Rusal.

Verkefnaeftirlit

Nú virðast sífellt meiri kröfur vera gerðar til upplýsingaflæðis í verkefnum. Hefur þetta breytt ykkar starfsemi?

„Síðustu ár hafa kröfur um áætlanagerð og innra verkefnaeftirlit (Project control) aukist. Áður var vissulega fylgst með kostnaði og hvort verk væru á áætlun en það má segja að það hafi verið á einfaldari skala en kröfurnar mæla fyrir um í dag. Þessi stóru alþjóðlegu fyrirtæki sem hafa komið hingað til lands eru öll á hlutabréfamarkaði og verða að hafa upplýsingar um hver staða framkvæmdanna er á hverjum tímapunkti. Til dæmis þarf að fylgjast með þróun í verði aðfanga og flutningskostnaði, hvort breytingar hafi verið gerðar á verkefnisskilgrein-

ingum, hvort framvinda verkefnisins sé í samræmi við vinnuframlag og tímaplön og svo framvegis. Fyrirtæki á hlutabréfamarkaði eru því einfaldlega tilneydd að hafa mjög mikla umsýslu á þessum sviðum innra verkefniseftirlits, sem er þá samheiti yfir kostnaðareftirlit, framkvæmdaeftirlit, alla skýrslugjöf og fjármálaeftirlit. Í stórum verkefnum þarf að halda utanum ógrynni af samingum og reikningum. Stundum er sá háttur hafður á að fyrirtæki eins og HRV hafa prókúru og greiða reikningana. Sem dæmi má nefna að við byggingu Fjarðaáls þá byggði Bechtel álverið á sinn reikning en fékk stöðugt greitt inn í verkefnið frá Alcoa.“

Hér má nefna að það er grundvallarmunur á fyrirtækjum eins og HRV annars vegar og Bechtel hins vegar. Hið síðarnefnda vinnur verkefni í alverktöku sem kallast EPC (Engineering, Procurement and Construction) en HRV er verkefnisum-sjónaraðili fyrir hönd verkkaupa og sinnir svokallaðri EPCM þjónustu (Engineering, Procurement and Construction Management). Þessi þjónusta innifelur alla þætti verkefnisstjórnar fyrir þessi stóru verkefni og þar eru umhverfis- og öryggisstjórnun einnig meðtalin.

